



# SKÝRSLA 2023-2025

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS



# Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

## Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ tímabilið 2023-2025

### Stjórn KKÍ:

Formaður:	Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir
Varaformaður:	Birna Lárusdóttir
Annar varaformaður:	Lárus Blöndal
Gjaldkeri	Guðrún Kristmundóttir
Meðstjórnandi:	Ágúst Angantýsson
Meðstjórnandi:	Einar Hannesson
Meðstjórnandi:	Herbert S. Arnason
Meðstjórnandi:	Heiðrún Kristmundsdóttir
Meðstjórnandi:	Jón Bender

### Skrifstofa KKÍ:

Framkvæmdastjóri:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Skrifstofustjóri:	Sigrún Ragnarsdóttir
Mótastjóri:	Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir
Afreksstjóri:	Arnar Guðjónsson
Íþróttafulltrúi:	Elísa Björk Þorsteinsdóttir

Kristinn Geir Pálsson lét af störfum sem afreksstjóri sambandsins í maí 2024 eftir að hafa starfað á skrifstofu sambandsins frá árinu 2008

Snorri Örn Arnaldsson lét af störfum sem mótastjóri sambandsins í júní 2024 eftir að hafa starfað á skrifstofu sambandsins frá árinu 2018.

### Mótanefnd:

Lárus Blöndal, formaður  
Guðni Guðnason  
Björn Bjarki Þorsteinsson

### Dómaranefnd:

Jón Bender, formaður  
Aðalsteinn Hrafnkelsson  
Guðmundur Björnsson

**Afreksnefnd:**

Herbert Arnarson, formaður  
Ágúst Angantýsson  
Jón Bender  
Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir  
Pálína María Gunnlaugsdóttir  
Sveinbjörn Claessen  
Margrét Kara Sturludóttir

**Fræðslunefnd:**

Heiðrún Kristmundsdóttir, formaður  
Tobías Sveinbjörnsson  
Sigríður Inga Viggósdóttir

**Aga- og úrskurðarnefnd:**

Jónas Már Torfason, formaður  
Elvar Guðmundsson varaformaður  
Leó Daðason varaformaður  
Kristinn G. Kristinsson  
Oddur Valsson  
Björn Atli Davíðsson

**Áfrýjunardómstóll:**

Þórólfur Þorsteinsson, formaður  
Sveinbjörn Claesen  
Ingimar Ingason

**Áfrýjunardómstóll  
varamenn:**

Björgvin H. Björnsson  
Bryndís Gunnlaugsdóttir  
Jónína Guðmundsdóttir

**Skoðunarmenn reikninga:**

Sigurður Gíslason  
Guðni Hafsteinsson

# Skýrsla stjórnar og fastanefnda KKÍ 2023-2025

Skýrsla stjórnar og fastanefndar Körfuknattleikssambands Íslands 2023-2025

Fljótlega eftir Körfuknattleikspingi 2023 kom stjórn saman til fyrsta fundar þá skipti stjórn með sér verkum að tillögu formanns og skipaði í nefndir.

Í ljósi samþykktar þingsins á nýjum lögum sagði formaðurinn Hannes Sigurbjörn Jónsson af sér eftir að hafa setið sem formaður frá árinu 2006 og tók Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir við formennsku í sambandinu en hún hefur gengt varaformennsku frá árinu 2006.

Þar sem fráfarandi formaður hafði einnig gengt starfi framkvæmdastjóra samþykkti stjórn tillögu nýs formanns um að Hannes Sigurbjörn verði áfram framkvæmdastjóri og formanni og varaformanni falið að ganga frá þeim atriðum sem þurfti vegna þessa.

Stjórn KKÍ hélt 26 formlega fundi auk margra óformlegra funda, símtala og annarra samskipta.

Formenn fastanefnda koma allir úr stjórn og eru mjög virkir í starfinu og eru í daglegum samskiptum við skrifstofu KKÍ.

## Skrifstofa KKÍ

Á skrifstofu KKÍ starfa fimm starfsmenn og heldur starfsfólk utan um allt það starf sem fram fer innan sambandsins í góðu samstarfi við aðildarfélög, nefndir og stjórn KKÍ

## Fjármál

Mikil vinna er að halda rekstri sambandsins í jafnvægi en töluvert tap var á árinu 2023 en hagnaður var 2024, skuldir sambandsins eru enn neikvæðar.

KKÍ hefur kallað eftir því, og mun gera það áfram að ríkisvaldið komi sterkar að því að styðja við rekstur sérsambanda en hefur verið hingað til. Ríkisvaldið ákvað að setja meira fjármagn í afreksstarfið sem kemur sér mjög vel fyrir íþróttahreyfinguna, það fjármagn þarf að hækka áfram sem og að ríkisvaldið styðji enn betur við ferðasjóð íþróttafélaga og hækki rekstrarstyrk til sérsambanda (ríkisstyrkur).

## Samstarfsaðilar


Það er íþróttahreyfingunni mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla.

Það er ánægjulegt að samstarfsaðilar KKÍ vinna í mörg ár með sambandinu og eru ánægðir með það sem verið er að gera. Það er einnig ánægjulegt að sjá að margir samstarfsaðilar aðildarfélaganna vinna mjög vel og náði með þeim að efla körfuboltann á þeirra svæðum.

- KKÍ endurnýjaði styrktarsamning sinn við Icelandair sumarið 2021, en samningurinn gildir út þetta ár 2025.
- Samningur við DHL var endurnýjaður og gildir til 31. maí á þessu ári 2025 og er unnið að endurnýjun.

- Samningar við Lykil, Ölgerðina og Bílaleigu Akureyrar renna út á þessu ári og unnið verður að endurnýjun.
- Endurnýjaður var samningur við Íslenskar Getraunir/Lengjan en samningurinn gildir út árið 2025.
- Úrvalsdeildir karla og kvenna tóku nafn Subway upp fyrir keppnistímabilið 2021-2022 og lauk því samstarfi vorið 2024 þegar keppnistímabilinu lauk. Subway kom einnig að því að styðja við afreks/landslíðsstarfið.
- Úrvalsdeildir karla og kvenna tóku upp nafn Bónus síðastliðið sumar ásamt því að styðja við afreks/landslíðsstarfið. Bónus hefur komið mjög sterkt inn í körfuboltann. Gerður var samningur til eins árs í byrjun en stefnt að því að vinna saman til ársins 2028. Unnið er að endurnýjun.
- Samningur við Errea um fatnað fyrir landslið KKÍ var endurnýjaður árið 2022 og gildir hann út 2027.
- Samningur við VÍS um nafnarétt Bikarkeppni KKÍ var endurnýjaður og gildir hann til 1. júní 2026.

Jafnframt er unnið að því að finna nýja samstarfsaðila sem falla að öfluglu starfi KKÍ.



## Afreks- og landsliðsmál

Afreks- og landsliðmálin eru mjög umfangsmikil í starfi sambandsins.

Landsliðin okkar hafa sjaldan verið á betri stað hvort sem horft er til karla-kvenna- og/eða yngri landsliða. Karlalandsliðið mun taka þátt í lokamóti EuroBasket næsta haust 2025, U20 karla og kvenna taka þátt í A-deild EM næsta sumar 2025 en í A-deild er 16 bestu þjóðir álfunnar sem taka þátt. Það er í fyrsta sinn sem yngri landslið stúlkna/kvenna tekur þátt í A-deild EM.

KKÍ hefur um árabil talað fyrir því að meira fjármagn þurfi í afreksstarfið og sjálfsögðu í samráði við önnur sérsambönd og ÍSÍ. Það má segja að á síðasta ári hafi ákveðin áfangasigur unnist þegar fyrrverandi ríkistjórn ákvað veita aukalega 637 milljónir í afreksmál umfram þær rúmlega 400 milljónir sem höfðu verið samþykktar. Það eru því rúmlega milljarður sem ríkisvaldið setur í afreks-og landsliðsmál fyrir árið 2025. Þessar nýju 637 milljónir skiptast í

fjóra flokka a) afreksstarf sérsambanda, b) lækka kostnað landsliðsfólks/fjölskyldna þeirra í yngri landsliðum, c) afreksíþróttamiðstöð og d) launasjóð íþróttamanna/þjálfara. Þegar þessi skýrsla er skrifuð er eingöngu búið að tilkynna um skiptingu á fjármagni til afreksstarfs sérsambanda. Það er mikilvægt að þessi stuðningur ríkisins haldi áfram og verði aukin ennfrekar fyrir árið 2026 og árin þar á eftir.

KKÍ hefur unnið að því undanfarin ár að hér rísi ný þjóðarhöll fyrir innanhúsiþróttir. Landsliðin okkar eru heimilislaus. Sú vinna hefur skilað árangri, þar sem stjórnvöld hafa ákveðið að þjóðarhöllin mun rísa og undirbúningsvinna hefur gengið vel. Það er ekki nóg að undurbúningsvinna gangi vel, áfram þarf að vinna af krafti að málinu, enda nauðsynlegt fyrir afreksstarf KKÍ að hér rísi íþróttahús sem uppfylli kröfur FIBA til leikja og nýtist jafnframt sem æfingahúsnæði fyrir landsliðin. Framkvæmdastjóri ásamt afreksstjóra taka virkan þátt í þessari vinnu með ríkisvaldi, borg og öðrum frá íþróttahreyfingunni.

Nánari upplýsingar um afreks-og landsliðsmál er í skýrslu afreksnefndar.

### Útbreiðsla

Körfuboltinn er iðkaður hringinn í kringum landið, um 9000 iðkendur voru skráðir árið 2023 sem eru nýjustu iðkendatölur á vegum ÍSí.

Áfram er unnið að því að styrkja nýjar körfuknattleiksfélög/deildir við að hefja starfsemi. Útbreiðslustarf KKÍ miðar að því að styðja við yngri flokka starf innan félaga.



KKÍ styður verkefnið Allir með sem er samstarfsverkefni ÍF, ÍSí og UMFÍ. Verkefnið felst meðal annars í því að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna sem og að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nær umhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir – með viðeigandi aðlögun.

Nýverið komu sérútbúinir hjólastólar til landsins þannig að krakkar sem eiga erfitt með gang geti stundað hjólastólakörfubolta.

Það má segja að Haukar séu ákveðnir frumkvöðlar í þessari vinnu allri með Special Olympic hópi sínum.

### Samningur í sjónvarpsmálum og veðmálarétti

Síðastiðið vor var gengið frá samningi við SÝN/Stöð2Sport en samningurinn gildir til vorsins 2029.

Stöð2 Sport sýnir frá öllum leikjum Bónus deildar karla og kvenna og valda leiki í 1.d.karla og kvenna. Ásamt beinum útsendingum verða áfram uppgjörsþættir eins og Körfuboltakvöld. Ýmis önnur atriði er fjallað um í samningnum sem snýr að útbreiðslu körfuboltans til dæmis að dreifa sjónvarpsmerkjum annarra leikja eins og yngri flokkum. Þar er þá í skoðun nota gervigreindarvélur. Unnið er að því að koma umræddri þjónustu í gagnið eins fljótt og hægt er.



Síðastliðið haust var gengið frá samningi við alþjóðafyrirtækið IMG varðandi sölu á sjónvarpsréttindum fyrir utan Íslands og hægt að nota það þá til veðmála einnig. Samningurinn nær til vorsins 2028. Samningurinn við IMG nær til leikja í Bónus deildunum. Undanfarna mánuði hefur verið rætt við IMG og fleiri fyrir fyrirtæki varðandi sömu sölu fyrir 1. deildirnar.

Genius Sport hefur séð KKÍ og aðildarfélögum undanfarin fyrir kerfi til að taka lifandi tölfræði (LiveStatt). Þessi tölfræði er notuð fyrir veðmálaréttindi utan Íslands. Nýr samningur á milli KKÍ og Genius Sport er á lokastigi.

### Þjálfaranám

Þjálfaramenntun KKÍ hefur verið virk frá árinu 2015. Ágúst S. Björgvinsson stýrði verkefninu til mars 2022, en þá tók Snorri Örn Arnaldsson við og hefur stýrt þjálfaramenntun KKÍ síðan. Þátttaka hefur verið sérstaklega góð á námskeið með erlendum fyrirlesurum undanfarin ár en mætti almennt vera betri á grunnnámskeiðin. Það er þó jákvætt að sjá marga áhugasama þjálfara sækja sér aukna þekkingu. FIBA hefur m.a. haft milligöngu um komu erlendra þjálfara og tekið þátt í kostnaði og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þá aðstoð.

Þjálfaranámskeið KKÍ 2023-2025:

2023

**KKÍ 1A** (maí) – Snorri Örn Arnaldsson, Oddur Jóhannsson

**KKÍ 2** (júni) – Alex Sarama, Chris Oliver

**KKÍ 3** (ágúst) – Chris Fleming, Michael Schwarz, Arnar Guðjónsson, Kjartan Atli Kjartansson, Mate Dalmay

**KKÍ 1B** (september) – Fjarnám

**KKÍ 2B** (september) – Fjarnám

2024

**KKÍ 1B** (janúar) – Fjarnám

**KKÍ 2B** (janúar) – Fjarnám

**KKÍ 1A** (maí) – Snorri Örn Arnaldsson og Karl Ágúst Hannibalsson.

**KKÍ 3** (ágúst) – Joan Plaza, Craig Pedersen, Baldur Þór Ragnarsson, Arnar Guðjónsson, Friðrik Ingi Rúnarsson, Rúnar Ingi Erlingsson

**KKÍ 1C** (ágúst) – Snorri Örn Arnaldsson, Einar Árni Jóhannsson, Mikael Máni Hrafnsson, Ólöf Helga Pálsdóttir

**KKÍ 1B** (september) – Fjarnám

**KKÍ 2B** (september) – Fjarnám

Til viðbótar við þjálfaramenntunina ber þess að geta að Viðar Örn Hafsteinsson lauk FECC þjálfaranámi FIBA 2023.

### **Framtíðarsýn - stefnumótandi markmið**

Körfuknattleiksþing 2023 samþykkti að stjórn sambandins myndi vinna að framtíðarsýn til næstu ára og hóf stjórn þá vinnu nokkrum mánuðum eftir að Körfuknattleiksþingi lauk. Skipuð var vinnunefnd innan stjórnar.

Framtíðarsýnin var kynnt á formannafundi haustið 2024 og send til umsagnar til félaganna eftir það. Á formannafundi í janúar 2025 var endanleg útgáfa kynnt og heitir hún "stefnumótandi markið 2024-2030".

### **Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs**

Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþróttá- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar.

Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum þeim til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt-, líkamlegt- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi íþróttá- eða æskulýðsstarfs. Frekari upplýsingar um starfsemi samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs má finna á heimasíðu hans: <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

KKÍ hefur átt í góðu samstarfi við samskiptaráðgjafa og hafa mál sem upp hafa komið innan KKÍ farið inná borð samskiptaráðgjafa.



## Lyfjamál

Lyfjapróf í körfuknattleik teknar af Lyfjaeftirliti Íslands á tímabilinu mars 2023 til 21. febrúar 2025

Í heildina á þessu tímabili hafa 27 lyfjapróf verið tekin

19 lyfjapróf voru þvagprufur  
8 lyfjapróf voru blóðdropaprufur (Dried Blood Spot)

16 lyfjapróf tekin hjá körlum  
11 lyfjapróf tekin hjá konum

20 lyfjapróf voru í keppni  
7 lyfjapróft utan keppni

Öll sýnin reyndust neikvæð.

Lyfjaeftirlit Íslands stendur ekki bara fyrir fræðslu varðandi lyfjamál því það stendur einnig fyrir fræðslu um hagræðingu úrslita og ólöglega veðmálastarfsemi.

Íþróttafólki þarf að vera kunnugt um reglur varðandi veðmál og hagræðingu úrslita. Óheimilt er að veðja á eigin leiki og eigin keppni skv. lögum ÍSÍ og margra sérsambanda en þar er átt við eigin keppni að þá er miðað við aðra leiki í sömu deild eða sömu bikarkeppni.



### Körfuknattleiksfólk ársins 2023 og 2024

Í lok hvers árs velja sérsambönd ÍSÍ íþróttamenn sinna íþróttagreina. Hjá KKÍ er það þannig að stjórn, afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar velja körfuknattleiksfólk ársins.

**2023 Körfuknattleikskarl ársins** · Elvar Már Friðriksson

**2023 Körfuknattleikskona ársins** · Sara Rún Hinriksdóttir

Aðrir sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Hilmar Smári Henningsson, Jón Axel Guðmundsson, Kári Jónsson, Orri Gunnarsson, Pétur Rúnar Birgisson, Sigtryggur Arnar Björnsson, Tryggvi Snær Hlinason og Ægír Þór Steinarsson

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Ásta Júlía Grímsdóttir, Birna Valgerður Benónýsdóttir, Eva Margrét Kristjánsdóttir, Hildur Björg Kjartansdóttir, Isabella Ósk Sigurðardóttir, Ísold Sævarsdóttir, Jana Falsdóttir, Thelma Dís Ágústsdóttir, Tinna Guðrún Alexandersdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir.

**2024 Körfuknattleikskarl ársins** · Tryggvi Snær Hlinason

**2024 Körfuknattleikskona ársins** · Thelma Dís Ágústsdóttir

Aðrir sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Elvar Már Friðriksson, Jón Axel Guðmundsson, Kristinn Pálsson, Martin Hermansson, Ægir Þór Steinarsson

Aðrar sem fengu atkvæði í stafrófsröð voru: Birna Valgerður Benónýsdóttir, Danielle Rodriquez, Kolbrún María Ármannsdóttir, Sara Rún Hinriksdóttir og Þóra Kristín Jónsdóttir

### Íþróttamaður ársins 2023 og 2024

Á árlegu hófi ÍSÍ og samtaka íþróttifrættamanna 4.janúar 2024 var Elvar Már Friðriksson á topp 10 listanum yfir íþróttmann ársins 2023 en hann endaði í sjötta sæti í kjörinu, Pavel Ermolinskij varð í 3. sæti í kjörinu um þjálfara ársins og lið Tindastóls varð einnig í 3. sæti í kjörinu um lið ársins.

Á hófinu sama dag ári síðar 2025 var ekkert körfuknattleiksfolk á topp 10 listanum fyrir 2024 eða á lista yfir þjálfara ársins og lið ársins.

### Fjölmiðlar

Samstarf við fjölmiðla er afar gott og leggur KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Starfsfolk á íþróttamiðlum fjölmiðlana eru íþróttinni okkar afar mikilvægir og það skiptir máli að aðbúnaður fjölmiðlafólks sé eins góður og hægt er í íþróttahúsum svo þau geti unnið vinnuna sína vel. KKÍ þakkar öllum fjölmiðlum fyrir gott samstarf.

### Íþróttamiðstöðin í Laugardal – samstarf við ÍSÍ og önnur sérsambönd

KKÍ á í góðu og miklu samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og sérsambönd um hin ýmsu mál er varðar íþróttahreyfinguna. Einnig er gott samstarf við mörg héraðs- og íþróttabandalög.

Töluverðar framkvæmdir hafa verið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal undanfarið ár.

Í íþróttamiðstöðinni starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu sem oft er miðlað á milli sambandsaðila. KKÍ þakkar það góða samstarf sem er í íþróttamiðstöðinni þvert á íþróttagreinir og íþrótt- og héraðsbandalögin.

### Alþjóðlegt starf

Alþjóðlega starfið er mikilvægt og stór þáttur í starfsemi sambandsins. Miklar og eðlilegar kröfur FIBA til sinna aðildarlanda verða alltaf meiri og þá einnig meira samstarf á þessum vettvangi.

Hannes S. Jónsson var kjörinn í stjórn FIBA Europe vorið 2023 og í kjölfarið á því skipaður einn ef þrem varaforsetum sambandsins og situr því einnig í framkvæmdastjórn FIBA Europe. Kjörið er fram að þingi 2027.

Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir var skipuð í unglinganefnd og jafnréttisnefnd FIBA Europe sem og í mótanefnd karlalandsliða, situr hún í þessum nefndum til ársins 2027.



Norðurlöndin starfa mikið saman og funda reglulega, Ísland fer með formennsku í Norðurlandasamstarfinu þar til í október 2025 þegar Norðurlandafundur verður haldinn í Reykjavík.

### Mótahald

Mótahald KKÍ er eitt af því umfangsmesta innan sérsambanda ÍSí. Umfang mótahaldsins hefur vaxið mjög mikið undanfarin ár enda körfubolti ein útbreiddasta íþróttagreins landsins.

Mótanefnd heldur á hverju vori dagatalsfund þar sem keppnisdagatal komandi tímabils er kynnt, ásamt helstu áherslum reglugerða varðandi mótahald KKÍ. Samantekt er þá send út eftir fund, en auk þess eru haldnir mánaðarlegir örfundir með tengiliðum félaga fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Það er ákveðið áhyggjuefni hversu erfiðlega gengur að koma upplýsingum áfram innan aðildarfélaga KKÍ þrátt fyrir þessa fundi sem eru haldnir sem og upplýsingar í tölvupóstum. Það er afar mikilvægt að öll félög komi réttum upplýsingum á rétta aðila innan félagsins og þaðan til iðkenda/foreldra.

Frekari upplýsingar um mótahaldið má finna í skýrslum mótanefndar, dómaranefndar og aga- og úrskurðarnefndar.

### Leyfiskerfi efstu deildar

Vinsældir körfuboltans hafa aukist umtalsvert á síðustu árum hvert sem litið er í starfi KKÍ og aðildarfélaganna. Efstu deildirnar eru þar engin undantekning og ansi margt sem þarf að hafa í huga varðandi rekstur félaga í efstu deild.

Á körfuknattleiksþingi 2023 var því vísað til stjórnar og skrifstofu að hefjast handa við vinnu á svokölluðu Leyfiskerfi efstu deildar. Töluverð vinna hefur verið lögð í útfærslu leyfiskerfisins, hugmyndir kynntar á tveim formannafundum sem og óskað eftir hugmyndum/athugasemdum frá aðildarfélögunum. Það styttist í að vinna við leyfiskerfið klárast.

## Skýrsla mótanefndar KKÍ 2023-2025

Mótanefnd er skipuð þeim Lárusi Blöndal, formanni, Guðna Guðnasyni og Bjarka Þorsteinssyni.

### Skipulag og áskoranir í mótahaldi

Mótahald KKÍ hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og í dag eru leiknir tæpir 5000 leikir á ári í mótum á vegum KKÍ í öllum flokkum. Þetta endurspeglar bæði sterka og vaxandi stöðu körfuknattleiksins og öflugt starf aðildarféлага KKÍ um land allt. Þetta er mikil breyting frá fyrri árum og setur auknar kröfur á mótastjóra, mótanefnd og aðildarfélögin til að tryggja faglegt og skilvirkt skipulag.

Með auknu leikjaframboði fylgja ýmsar áskoranir, bæði í skipulagi leikja og samskiptum við aðildarfélögin. Til að mæta þessum áskorunum hefur mótanefnd innleitt ýmis úrræði, þar á meðal dagatalsfundi, mánaðarlega örfundi og markvissari miðlun upplýsinga, þó enn megi bæta þessi ferli.



Eldsumbrot á Reykjanesi höfðu mikil áhrif á mótahaldið á keppnistímabilinu 2023-2024. Jarðhræringar í Grindavík ollu rýmingu bæjarins þann 10. nóvember 2023 sem hafði gífurlega áhrif á alla íbúa og allt íþróttastarf í bænum og sér ekki fyrir endann á því enn. Eldsumbrotin höfðu mikil áhrif á skipulag móta, þar sem meistaraflokkar félagsins þurftu að spila heimaleiki sína í Smáranum. Yngri flokkar Grindavíkur fengu tíma hjá félögum á suðvesturhorninu, en

Þrátt fyrir aðgerðir fóru ekki allir leikir yngri flokka fram. Eldsumbrotin og allt sem þeim fylgdi undirstrikar mikilvægi sveigjanleika í mótahaldi og viðbragðsgetu við óvæntar aðstæður.

### Helstu áskoranir og úrbætur

Mótanefnd hefur staðið frammi fyrir mörgum áskorunum undanfarin ár og unnið að því að bregðast við þeim með ýmsum úrbótum. Ein stærsta áskorunin er að tryggja að öll aðildarfélögin hafi skýra yfirsýn yfir mótahaldið og þær reglugerðir sem því fylgja. Því er haldinn dagatalsfundur árlega á vorin þar sem keppnisdagatal og breytingar á reglugerðum eru kynntar. Samantekt er send út eftir fundinn og svo eru mánaðarlegir fjarfundir haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Enn er þó þörf á bættu upplýsingaflæði og skýrari miðlun gagna til að tryggja að allir sem koma að mótahaldi séu meðvitaðir um reglur og skipulag og mun mótanefnd halda áfram að vinna að úrbótum í samvinnu við aðildarfélögin.

Mótakerfið hefur einnig verið áskorun en mótanefnd tók upp nýtt kerfi, GameDay, fyrir keppnistímabilið 2023-2024, sem átti að auðvelda skipulagningu og skýrslugerð. Innleiðing á kerfinu gekk ekki eins og vonast var til og því var ákveðið að hverfa aftur til FIBA Organizer fyrir tímabilið 2024-2025. Þrátt fyrir þessa breytingu er ljóst að þörf er á langtímalausn sem tekur mið af þörfum KKÍ og aðildarfélaganna. Mikilvægt er að velja kerfi sem einfaldar vinnu allra aðila, eykur gagnsæi og gerir skipulagningu leiksins skilvirkari.

Aukinn fjöldi leikja hefur leitt til meira álags á bæði dómara og sjálfboðaliða aðildarfélaganna sem skipuleggja og halda utan um heimaleiki. Það er því mikilvægt að vinna markvisst að því að jafna leikjaálag og tryggja betri nýtingu leikdaga. Samráð við félögin er lykilatriði í því ferli og vinnur mótanefnd að því að móta skýrar reglur um skipulag keppnistímabila þannig að bæði leikmenn og starfsfólk hafi sem besta umgjörð.



### Stefnumótun og framtíðarsýn

Til að tryggja áframhaldandi vöxt og faglegt skipulag mótahalds hefur KKÍ unnið að því að bæta alla þætti þess. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að efla upplýsingaflæði til félaganna. Með markvissri eftirfylgni og fræðslu er stefnt að því að tryggja að allir sem koma að mótahaldi hafi fullnægjandi upplýsingar og þekkingu á reglum og fyrirkomulagi. Þetta verður gert með aukinni notkun rafrænnar miðlunar, fræðslufunda og leiðbeininga.

Annað lykilatriði er að finna framtíðarlausn fyrir mótakerfi KKÍ. Kerfið þarf að vera auðvelt í notkun, tryggja örugga skráningu og einfalda samskipti milli KKÍ og aðildarfélaganna. Unnið er að ítarlega greiningu á þörfum allra aðila og þarf að tryggja að nýtt kerfi henti bæði skipuleggjendum og þátttakendum í mótahaldi.

Að lokum er ljóst að áframhaldandi fjölgun leikja kallar á skýra skipulagningu leikjadagatalansins. Hagræðing í leikjaröðun og betri nýting leikdaga verður mikilvæg í framtíðinni. Til þess þarf aukið samtal við félögin og nýtingu tæknilausna til að gera leikjadagatalið sveigjanlegt en jafnframt sanngjarnt fyrir öll félög.

Með þessum aðgerðum stefnir KKÍ að því að bæta skipulag mótahalds, einfalda vinnu aðildarfélaga og tryggja að körfuboltinn á Íslandi haldi áfram að þróast á jákvæðan hátt.

### Samantekt keppnistímabila 2022-2025

Mótahaldið undanfarin tímabil hefur verið viðamikið og tekið nokkrum breytingum. Það hefur leitt til fjölgunar leikja og fleiri þátttakenda, en einnig sett auknar kröfur á bæði skipuleggjendur og félögin sjálf. Hér á eftir er yfirlit yfir helstu niðurstöður móta á vegum KKÍ.

### Tímabilið 2022-2023

Úrslit Íslandsmóts réðust eftir þing 2023.

### Íslandsmót meistaraflokka

Úrvalsdeild karla

Valur urðu deildarmeistarar. Það kom í hluta ÍR og KR að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Valur	17	5	34
2.	Njarðvík	17	5	34
3.	Haukar	14	8	28
4.	Keflavík	13	9	26
5.	Tindastóll	13	9	26
6.	Þór Þ.	11	11	22
7.	Grindavík	11	11	22
8.	Stjarnan	9	13	18
9.	Höttur	8	14	16
10.	Breiðablik	8	14	16
11.	ÍR	7	15	14
12.	KR	4	18	8

Í átta liða úrslitum mættust:

- Valur (1) og Stjarnan (8), Valur vann 3-1
- Njarðvík (2) og Grindavík (7), Njarðvík vann 3-0
- Haukar (3) og Þór Þ. (6), Þór Þ. vann 3-2

Í undanúrslitum mættust annars vegar Valur (1) og Þór Þ. (6), sem Valur vann 3-2, og hins vegar Njarðvík. (2) og Tindastóll (5), sem Tindastóll vann 3-1. Það voru því lið Vals (1) og Tindastóls. (5) sem mættust í lokaúrslitum sem Tindastóll vann 3-2 eftir oddaleik fyrir troðfullu húsi með einu stigi. Antonio Keyshawn Woods leikmaður Tindastóls var valinn leikmaður lokaúrslitanna.

## Úrvalsdeild kvenna

Keflavík urðu deildarmeistarar. Það kom í hlut ÍR að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Keflavík	24	4	48
2.	Haukar	22	6	44
3.	Valur	22	6	44
4.	Njarðvík	18	10	36
5.	Grindavík	11	17	22
6.	Fjölnir	8	20	16
7.	Breiðablik	4	24	8
8.	ÍR	3	25	6

Í undanúrslitum mættust annars vegar Keflavík (1) og Njarðvík (4) þar sem Keflavík vann 3-1, og hins vegar Haukar (2) og Valur (3) sem Valur sigruðu 3-2. Í úrslitum mættust því Keflavík (1) og Valur (3) og stóðu Valur uppi sem Íslandsmeistarar eftir 3-1 sigur. Kiana Johnson leikmaður Vals var valin leikmaður lokaúrslitanna.

## 1. deild karla

Álftanes urðu deildarmeistarar og fóru því beint upp í úrvalsdeild. Í keppni um laust sæti áttust annars vegar við Hamar (2) og Fjölnir (5) og hins vegar Sindri (3) og Skallagrímur (4). Hamar vann Fjölni 3-1 og Skallagrímur lagði Sindra 3-0. Í úrslitum um sæti í úrvalsdeild hafði Hamar (2) betur gegn Skallagrím (4), 3-2 og fylgdu því Álftanes upp um deild. Ekkert lið féll úr deildinni þar sem samþykkt var fjölgun liða í deildinni á Körfuknattleikspingi í mars.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Álftanes	22	5	44
2.	Hamar	22	5	44
3.	Sindri	18	9	36
4.	Skallagrímur	15	12	30
5.	Fjölnir	13	4	26
6.	Selfoss	12	15	24
7.	Ármann	11	16	22
8.	ÍA	11	16	22
9.	Hrunamenn	9	18	18
10.	Þór Ak.	2	25	4

## 1. deild kvenna

1. deild kvenna var skipuð 9 liðum, sem er tveimur liðum færri en tímabilið á undan. Inn í deildina kom Breiðablik b en Vestri og Fjölnir b hættu keppni í deildinni. Stjarnan varð deildarmeistari og eftir úrslitakeppni fjögurra liða þar sem Stjarnan (1) vann KR (4) 3-1 og Þór Ak. (2) sigraði Snæfell (3) 3-1. Í úrslitum mættust Stjarnan og Þór Ak. þar sem Þór Ak. hafði betur eftir oddaleik, 3-2 og færðist upp í úrvalsdeild.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Stjarnan	21	3	42
2.	Þór Ak.	18	6	36
3.	Snæfell	17	7	34
4.	KR	15	9	30
5.	Hamar/Þór	13	11	26
6.	Ármann	12	12	24
7.	Aþena	7	17	14
8.	Tindastóll	5	19	10
9.	Breiðablik b	0	24	0

## 2. deild karla

2. deild karla var skipuð 11 liðum. Í undanúrslitum sigraði Þróttur V. (1) Leikni (6) og Snæfell (3) hafði betur gegn Vestra (2). Í úrslitum sigraði Þróttur V (1) Snæfell 2-0 og fóru því upp í 1.deild. Í úrslitaleik B liða hafði KR b betur gegn ÍR b.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Þróttur V.	20	0	40
2.	Vestri	16	4	32
3.	Snæfell	13	7	26
4.	ÍR b	12	8	24
5.	KR b	12	8	24
6.	Leiknir R.	10	10	20
7.	Fjölnir b	9	11	18
8.	KV	6	11	12
9.	Fylkir	5	15	10
10.	Grindavík b	5	15	10
11.	Laugdælir	0	20	0

## 3. deild karla

Í þriðju deild karla skráðu sig fjögur lið til leiks. Það var ekki nóg til að halda úti deildarkeppni tímabilið 2022-2023 og því var ekki leikið í deildinni þetta tímabilið.

### Íslandsmeistarar 2023:

Úrvalsdeild karla	Tindastóll
Úrvalsdeild kvenna	Valur
Ungmennaflokkur karla	Breiðablik
12. flokkur kvenna	Þór Þ./Hamar
12. flokkur karla	ÍR
11. flokkur drengja	Stjarnan
10. flokkur drengja	Stjarnan
10. flokkur stúlkna	Stjarnan
9. flokkur drengja	Stjarnan
9. flokkur stúlkna	Stjarnan
8. flokkur drengja	Stjarnan
8. flokkur stúlkna	Haukar



7. flokkur drengja	Grindavík
7. flokkur stúlkna	Stjarnan
Minnibolti 11 ára drengja	Breiðablik
Minnibolti 11 ára stúlkna	Stjarnan
Minnibolti 10 ára drengja	Grindavík
Minnibolti 10 ára stúlkna	Skallagrímur

### Deildarmeistarar 2023:

Úrvalsdeild karla	Valur
Úrvalsdeild kvenna	Keflavík
1. deild karla	Álftanes
1. deild kvenna	Stjarnan
2. deild karla	Próttur V.
B-liðameistarar karla	KR b

### Verðlaun 2022-2023

#### Subway deild karla

Úrvalsið Subway deildar karla

Kári Jónsson · Valur

Sigtryggur Arnar Björnsson · Tindastóll

Ólafur Ólafsson · Grindavík

Styrmir Snær Prastarson · Þór Þ.

Kristófer Acox · Valur

#### Leikmaður ársins · MVP:

Kári Jónsson · Valur



#### Erlendur leikmaður ársins:

Vincent Malik Shahid · Þór Þ.

**Þjálfari ársins:**

Jóhann Þór Ólafsson · Grindavík

**Ungi leikmaður ársins:**

Tómas Valur Þrastarson · Þór Þ.

**Varnarmaður ársins:**

Hjálmar Stefánsson · Valur

**Prúðasti leikmaðurinn:**

Callum Lawson · Valur

**Dómari ársins**

Davíð Tómas Tómasson

**Subway deild kvenna**

Úrvalslíð Subway deildar kvenna

Anna Ingunn Svansdóttir · Keflavík

Tinna Guðrún Alexandersdóttir · Haukar

Eva Margrét Kristjánsdóttir · Haukar

Birna Valgerður Kjartansdóttir · Keflavík

Hildur Björg Kjartansdóttir · Valur

**Leikmaður ársins · MVP:**

Eva Margrét Kristjánsdóttir · Haukar

**Erlendur leikmaður ársins:**

Daniela Warren Morillo · Keflavík

**Þjálfari ársins:**

Ólafur Jónas Sigurðsson · Valur

**Ungi leikmaður ársins:**

Tinna Guðrún Alexandersdóttir · Haukar

**Varnarmaður ársins:**

Erna Hákonardóttir · Njarðvík

**Prúðasti leikmaðurinn:**

Dagbjört Dögg Karlsdóttir · Valur

**1. deild karla**

Úrvalslíð ársins í 1. deild karla

Dúi Þór Jónsson · Álftanes

Björn Ásgeir Ásgeirsson · Hamar

Björgvin Hafþór Ríkharðsson · Skallagrímur

Eysteinn Bjarni Ævarsson · Álftanes

Ragnar Ágúst Nathanaelsson · Hamar

**Leikmaður ársins · MVP:**

Dúi Þór Jónsson · Álftanes

**Erlendur leikmaður ársins:**

Keith Jordan Jr. · Skallagrímur

**Þjálfari ársins:**

Kjartan Atli Kjartansson · Álftanes

**Ungi leikmaður ársins:**

Ísak Júlíus Perdue · Selfoss

**Varnarmaður ársins:**

Ragnar Ágúst Nathanaelsson · Hamar

**1. deild kvenna**

Úrvalslið ársins í 1. deild kvenna

Diljá Ögn Lárusdóttir · Stjarnan

Rebekka Rán Karlsdóttir · Snæfell

Emma Hrönn Hákonardóttir · Hamar/Þór

Hulda Ósk Bergsteinsdóttir · KR

Ása Lind Wolfram · Aþena

**Leikmaður ársins · MVP:**

Diljá Ögn Lárusdóttir · Stjarnan

**Erlendur leikmaður ársins:**

Chea Rael Whitsitt Mountainspring · Snæfell

**Þjálfari ársins:**

Auður Íris Ólafsdóttir · Stjarnan

**Ungi leikmaður ársins:**

Kolbrún María Ármannsdóttir · Stjarnan

**Varnarmaður ársins:**

Ísold Sævarsdóttir · Stjarnan

**Tímabilið 2023-2024**

Keppnistímabilið 2023-2024 voru 35 félög skráð til leiks en það er einu félagi minna en tímabilið á undan. Afturelding, Dímon, Garpur og Umf. Samherjar voru bara með yngri flokka. KV, Leiknir R. og Þróttur V. voru bara með meistaraflokk. Á tímabilinu fóru fram 4937 leikir.

Nýtt mótakerfi, GameDay var tekið í notkun fyrir tímabilið sem átti að einfalda vinnu fyrir félögin og KKÍ. Eldsumbrot á Reykjanesi settu svip sinn á mótahald en Grindavíkurbær var rýmdur sökum jarðhræringa þann 10. nóvember 2023. Meistaraflokkar félagsins spiluðu leiki sína í Smáranum og yngri flokkar félagsins fengu tíma hjá félögum á suðvesturhorninu. Sökum þessa fóru ekki allir leikir Grindavíkur í yngri flokkum fram.

### Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

Fyrir keppnistímabilið samþykkti stjórn KKÍ nokkrar breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót sem höfðu áhrif á framkvæmd keppni og var því keppnistímabilið 2023-2024 skipulagt með hliðsjón af þessum breytingum.

### Meistarakeppni KKÍ

Í meistarakeppni karla var leikið á Sauðárkróki, heimavelli Íslandsmeistara. Þar mættust Íslandsmeistarar Tindastóls og bikarmeistarar Vals og höfðu bikarmeistarar Vals betur 72-80. Í meistarakeppni kvenna var leikið í Origo-höll Vals, heimavelli Íslandsmeistara. Þar mættust Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar Hauka og höfðu bikarmeistarar Hauka betur 77-78



### Bikarkeppni KKÍ 2024

VÍS bikarvikan fór fram í Laugardalshöll 19.-24.mars. Vikan byrjaði með undanúrslitum í VÍS bikarkeppni karla og daginn eftir fóru fram undanúrslit kvenna. Úrslitaleikir fóru fram laugardaginn 23.mars. Keflavík sigraði Tindastól í úrslitum í VÍS bikarkeppni karla og Keflavík hafði betur gegn Þór Ak. í VÍS bikarkeppni kvenna. Allir leikir í meistaraflokkum voru í beinni útsendingu á RÚV/RÚV 2. Bikarleikir yngri flokka fóru fram í sömu viku og voru tveir leikir í beinni útsendingu á RÚV2 og aðrir leikir í beinu streymi á youtube rás KKÍ í umsjón Stjórnunnar.

### Íslandsmót meistaraflokka

#### Úrvalsdeild karla

Úrvalsdeild karla bar í síðasta sinn nafn Subway tímabilið 2023-2024. Deildin var skipuð 12 liðum og urðu Valsmenn deildarmeistarar. Nýliðar í deildinni voru lið Álftanes og Hamars og var það hlutverk Breiðabliks og nýliða Hamars að falla niður í 1. deild. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Valur	18	4	36
2.	Grindavík	15	7	30
3.	Keflavík	15	7	30
4.	Njarðvík	15	7	30
5.	Þór Þ.	15	7	30
6.	Álftanes	13	9	26
7.	Tindastóll	11	11	22
8.	Höttur	11	11	22
9.	Stjarnan	11	11	22
10.	Haukar	5	17	10
11.	Breiðablik	2	20	4
12.	Hamar	1	21	2

Í átta liða úrslitum mættust:

- Valur (1) og Höttur (8) þar vann Valur vann 3-1,
- Grindavík. (2) og Tindastóll (7) þar sem Grindavík vann 3-0,
- Keflavík (3) og Álftanes (6) sem Keflavík vann 3-1 og
- Njarðvík (4) og Þór Þ. (5) sem Njarðvík vann 3-2.

Í undanúrslitum mættust annars vegar Valur (1) og Njarðvík (4), sem Valur vann 3-2, og hins vegar Grindavík. (2) og Keflavík (3), sem Grindavík vann 3-2. Það voru því lið Vals (1) og Grindavík (2) sem mættust í lokaúrslitum sem Valur vann 3-2 eftir oddaleik fyrir troðfullu húsi. Taiwo Badmus var valinn leikmaður lokaúrslitanna.

### Úrvalsdeild kvenna

Úrvalsdeild kvenna bar sömuleiðis nafn Subway í síðasta skipti tímabilið 2023-2024. Eftir reglugerðarbreytingar sem voru gerðar á þinginu í mars 2023 var deildin nú skipuð 10 liðum, en lið Breiðabliks sagði sig úr keppni Subway deildar kvenna 17. desember 2023 og lauk því deildarkeppni með níu liðum og ekkert lið féll beint niður í 1.deild. Stjarnan og Þór Ak. voru nýliðar í deildinni. Breytingin fólst einnig í því að tvöföld umferð var leikinn, eftir það skiptist deildin í a og b deild þar sem a deildin er skipuð fimm efstu liðinum og b deildin 4 neðstu (eftir að Breiðablik dróg lið sitt úr keppni). Tvöföld umferð var leikinn eftir skiptingu og eftir það fór fram 8 liða úrslitakeppni um Íslandsmeistaratilinn og lið Snæfells sem endaði í 9. sæti tók þátt í úrslitakeppni um sæti í úrvalsdeild ásamt liðum í 2.-4 sæti í 1. deild kvenna. Lokastaða deildarinnar var sem hér segir:

a

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Keflavík	21	3	42
2.	Grindavík	17	7	34
3.	Njarðvík	16	8	32
4.	Haukar	11	13	22
5.	Stjarnan	10	14	20

b

1.	Valur	11	11	22
----	-------	----	----	----

2.	Þór Ak.	10	12	20
3.	Fjölnir	6	16	12
4.	Snæfell	2	20	4

Í átta liða úrslitum mættust:

- Keflavík (1) og Fjölnir (8) þar vann Valur vann 3-0,
- Grindavík (2) og Þór Ak (7) þar sem Grindavík vann 3-0,
- Njarðvík (3) og Valur (6) sem Njarðvík vann 3-1
- Haukar (4) og Stjarnan (5) sem Stjarnan vann 3-2.

Í undanúrslitum mættust annars vegar Keflavík (1) og Stjarnan (5), þar hafði Keflavík betur 3-2, og hins vegar Grindavík (2) og Njarðvík (3) þar sem Njarðvík höfðu betur 3-0. Það voru því lið Keflavíkur (1) og Njarðvíkur (4) sem mættust í lokaúrslitum, þar sem Keflavík unnu 3-0. Sara Rún Hinriksdóttir var valin leikmaður lokaúrslitanna.



## Evrópukeppnir

Karlalið Tindastóls tók þátt í FIBA Europe cup sem fór fram í Eistalandi í byrjun október. Liðið vann Parnu Sadam frá Eistlandi 69-62 en tapaði fyrir BC Trepca frá Kósóvó 69-77 og komst liðið ekki áfram í riðlakeppni.

## 1. deild karla

Tólf lið voru skráð til keppni í 1. deild karla í fyrsta skipti eftir reglugerðarbreytingu. Ekkert lið féll því úr deildinni tímabilið áður og komu lið Þróttar V. og Snæfells upp úr 2. deild. KR urðu deildarmeistarar 1. deildar karla og fóru því beint upp í úrvalsdeild. Fyrirkomulag úrslitakeppnarinnar breyttist og fóru fram 8 liða úrslit þar sem liðin börðust um laust sæti í 1. deild og þar áttust við:

ÍR (2) og Selfoss (9) þar sem ÍR vann 3-0,  
Fjölnir (3) og ÍA (8) sem Fjölnir vann 3-0,

Sindri (4) komst áfram 3-0 eftir að Þróttur V. (7) dróg lið sitt úr keppni

Þór Ak. (5) hafði betur gegn Skallagrím (6) 3-2.

Í undanúrslitum mættust annars vegar ÍR (2) og Þór Ak (5) þar hafði ÍR betur 3-0 og hins vegar Fjölnir (3) og Sindri (4) og þar hafði Sindri betur 3-0.

ÍR (2) og Sindri (4) áttust við í úrslitum þar sem ÍR hafði betur 3-0 og tryggði sér aftur sæti úrvalsdeild og Hrunamenn féllu niður í 2. deild.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	KR	20	2	40
2.	ÍR	13	5	38
3.	Fjölnir	18	4	36
4.	Sindri	15	7	30
5.	Þór Ak.	11	11	22
6.	Skallagrímur	11	11	22
7.	Þróttur V.	10	12	20
8.	ÍA	10	12	20
9.	Selfoss	6	16	12
10.	Ármann	6	16	12
11.	Snæfell	3	19	6
12.	Hrunamenn	3	19	6

### 1. deild kvenna

1. deild kvenna var skipuð 8 liðum. Inn í deildina komu tvö ungmennalið eftir þær reglugerðarbreytingar sem voru gerðar á þinginu í mars.

Hamar/Þór varð deildarmeistari og fór beint upp í úrvalsdeild, í fjögurra liða úrslitakeppni áttust við Aþena (2) og KR (3) þar sem Aþena vann 3-2 og Snæfell sem var í 9.sæti í úrvalsdeild og Tindastóll (4) og þar hafði Tindastóll betur 3-1.

Í úrslitum mættust Aþena (2) og Tindastóll (4) þar sem Aþena hafði betur 3-1, og færðist upp í úrvalsdeild.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Hamar/Þór	16	5	32
2.	Aþena	16	5	32
3.	KR	15	6	30
4.	Tindastóll	15	6	30
5.	Ármann	12	9	24
6.	Keflavík U	7	14	14
7.	ÍR	2	19	4
8.	Stjarnan U	1	20	2

## 2. deild karla

2. deild karla var skipuð 10 liðum. Í undanúrslitum mættust Vestri (1) og Aþena/Leiknir R. (5) og KFG (2) og KV. (4) þar sem Vestri og KV höfðu betur og í úrslitum sigraði KV (4) Vestra (1) 2-0 og fóru því upp í 1. deild. Í úrslitaleik B liða hafði KR b betur gegn Álftanes b.

Nr.	Lið	U	T	Stig
1.	Vestri	16	2	32
2.	KFG	15	3	30
3.	KR b	14	4	28
4.	KV	13	5	26
5.	Aþena/Leiknir R.	10	8	20
6.	Álftanes b	7	11	14
7.	Fjölnir b	4	14	8
8.	ÍR b	4	14	8
9.	Laugdælir	4	14	8
10.	Fylkir	3	15	6

## 3. deild karla

Ekki var keppt í 3. deild karla þar sem lágmarksfjöldi þátttökuliða náðist ekki.

## Íslandsmót yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka hófst 2. september og leikið var til 29. apríl 2024.

Í úrslitakeppni í 1.deildum í 9.flokki og upp úr fóru fram viðureignir, þar sem sigra þurfti einn leik í undanúrslitum sem fór fram á heimavelli liða í 1. og 2. sæti. Í úrslitum þurfti að vinna tvo leiki og var byrjað á heimavelli þess liðs sem endaði ofar í stigatöflu að deildarkeppni lokinni.

Í neðri deildum fóru fram undanúrslit og úrslit fram á tveimur helgum í maí á sex mismunandi leikstöðum.

## Fundir

Mótanefnd stóð fyrir dagatalsfundi þann 22. maí fyrir keppnistímabilið 2023-2024. Sömuleiðis stóðu starfsmenn mótanefndar fyrir fjar-örfundum í hádeginu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar þar sem farið var yfir það sem framundan er.

## Íslandsmeistarar 2024:

Úrvalsdeild karla	Valur
Úrvalsdeild kvenna	Keflavík
Ungmennaflokkur karla	Breiðablik
12. flokkur kvenna	Þór Þ./Hamar
12. flokkur karla	Haukar
11. flokkur drengja	Stjarnan
10. flokkur drengja	Stjarnan
10. flokkur stúlkna	Stjarnan
9. flokkur drengja	Afturelding
9. flokkur stúlkna	Fjölnir
8. flokkur drengja	Stjarnan



8. flokkur stúlkna	Stjarnan
7. flokkur drengja	Breiðablik
7. flokkur stúlkna	Stjarnan
Minnibolti 11 ára drengja	Tindastóll
Minnibolti 11 ára stúlkna	KR
Minnibolti 10 ára drengja	Stjarnan
Minnibolti 10 ára stúlkna	Njarðvík



### Deildarmeistarar 2024:

Úrvalsdeild karla	Valur
Úrvalsdeild kvenna	Keflavík
1. deild karla	KR
1. deild kvenna	Hamar/Pór
2. deild karla	Vestri
B-liðameistarar karla	KR b

### Bikarmeistarar 2024:

Meistaraflokkur karla	Keflavík
Meistaraflokkur kvenna	Keflavík
12. flokkur kvenna	Aþena
12. flokkur karla	ÍR
11. flokkur drengja	Stjarnan/KFG
10. flokkur drengja	Stjarnan

10. flokkur stúlkna	KR
9. flokkur drengja	KR
9. flokkur stúlkna	Stjarnan

### Verðlaun 2023-2024

#### Subway deild karla

Úrvalslíð Subway deildar karla  
 Ægir Þór Steinarsson · Stjarnan  
 Þórir Guðmundur Þorbjarnarson · Tindastóll  
 Kristinn Pálsson · Valur  
 Tómas Valur Þrastarson · Þór Þ.  
 Kristófer Acox · Valur

#### Leikmaður ársins · MVP:

Kristinn Pálsson · Valur

#### Erlendur leikmaður ársins:

Remy Martin · Keflavík

#### Þjálfari ársins:

Benedikt Guðmundsson · Njarðvík

#### Ungi leikmaður ársins:

Tómas Valur Þrastarson · Þór Þ.

#### Varnarmaður ársins:

Sigurður Pétursson · Keflavík

#### Prúðasti leikmaðurinn:

Haukur Helgi Pálsson · Álftanes

#### Subway deild kvenna

Úrvalslíð Subway deildar kvenna  
 Jana Falsdóttir · Njarðvík  
 Danielle Victoria Rodriguez · Grindavík  
 Thelma Dís Ágústsdóttir · Keflavík  
 Kolbrún María Ármannsdóttir · Stjarnan  
 Birna Valgerður Kjartansdóttir · Keflavík

#### Leikmaður ársins · MVP:

Birna Valgerður Kjartansdóttir · Keflavík

#### Erlendur leikmaður ársins:

Lore Devos · Þór Ak.

#### Þjálfari ársins:

Sverrir Þór Sverrisson · Keflavík

**Ungi leikmaður ársins:**

Kolbrún María Ármannsdóttir · Stjarnan

**Varnarmaður ársins:**

Ísold Sævarsdóttir · Stjarnan

**Prúðasti leikmaðurinn:**

Póra Kristín Jónsdóttir · Haukar

**1. deild karla**

Úrvalslið ársins í 1. deild karla

Viktor Steffensen · Fjölnir

Jón Arnór Sverrisson · Þróttur V.

Björgvin Hafþór Ríkharðsson · Skallagrímur

Magnús Már Traustason · Þróttur V.

Friðrik Leó Curtis · ÍR

**Leikmaður ársins · MVP:**

Viktor Steffensen · Fjölnir

**Erlendur leikmaður ársins:**

Jaeden King · Snæfell

**Þjálfari ársins:**

Jakob Örn Sigurðarson · KR

**Ungi leikmaður ársins:**

Friðrik Leó Curtis · ÍR

**Varnarmaður ársins:**

Björgvin Hafþór Ríkharðsson · Skallagrímur

**1. deild kvenna**

Úrvalslið ársins í 1. deild kvenna

Jónína Þórdís Karlsdóttir · Ármann

Dzana Crnac · Aþena

Emma Hrönn Hákonardóttir · Hamar/Þór

Fjóla Gerður Gunnarsdóttir · KR

Ása Lind Wolfram · Aþena

**Leikmaður ársins · MVP:**

Emma Hrönn Hákonardóttir · Hamar/Þór

**Erlendur leikmaður ársins:**

Aniya Thomas · Hamar/Þór

**Þjálfari ársins:**

Hákon Hjartarson · Hamar/Þór

**Ungi leikmaður ársins:**

Fjóla Gerður Gunnarsdóttir · KR

**Varnarmaður ársins:**

Elfa Falsdóttir · Ármann

**Dómari ársins**

Sigmundur Már Herbertsson

**Sjálfboðaliði ársins**

Sjálfboðaliðar Grindavíkur og Breiðabliks

**Tímabilið 2024-2025**

Tímabilið 2024-2025 voru 35 félög skráð til leiks. Þróttur V. skráði sig ekki aftur til leiks eftir að hafa dregið liðið úr keppni í 1.deild tímabilið áður. Stál-úlfur komu aftur inn og Afturelding tefldi fram liði í meistaraflokki. Dímon/Garpur/Hekla, Reykdælir og Umf. Samherjar voru bara með yngri flokka. Leiknir R. og Stál-úlfur voru bara með meistaraflokk. KV, KFG og Grindavík eru ekki með skráða yngri flokka en tefla fram sameiginlegu liðum í elstu flokkum yngri flokka, KV með KR, KFG með Stjörnunni og Grindavík með Breiðablik.



Meistaraflokkar Grindavíkur spila áfram líkt og á síðasta tímabili heimaleiki sína í Smáranum.

KKÍ tók þá ákvörðun fyrir keppnistímabilið að hætta notkun GameDay mótakerfisins sem sambandið tók upp fyrir síðastliðið keppnistímabil og taka aftur upp FIBA Organizer tímabundið á meðan farið er í greiningu á mikilvægum þörfum sambandsins í mótakerfismálum.

Ástæðan fyrir ákvörðuninni er sú að innleiðing mótakerfisins hafi gengið illa og mat sambandið það að best sé að hverfa frá innleiðingunni og endurmeta stöðuna. Ætlunin með nýju kerfi var að einfalda vinnu fyrir alla sem koma að skipulagi mótamála KKÍ og félaganna en gekk það því miður ekki. Það er því mat KKÍ og ráðgjafa þess að FIBA Organizer geti uppfyllt grunnþarfirnar í ákveðinn tíma og verður hafist handa strax við að greina betur þarfir og væntingar til nýs kerfis til að auðvelda vinnu og upplýsingagjöf til allra sem koma að körfuboltanum í landinu.

## **Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót**

Fyrir keppnistímabilið samþykkti stjórn KKÍ nokkrar breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót sem höfðu áhrif á framkvæmd keppni og var því keppnistímabilið 2024-2025 skipulagt með hliðsjón af þessum breytingum.

### **Meistarakeppni KKÍ**

Í meistarakeppni karla og kvenna var leikið í Blue-höllinni í Keflavík og var það ákvörðun stjórnar KKÍ að leika báða leikina á sama leikstað. Þar mættust lið Íslandsmeistara Vals og bikarmeistarar Keflavíkur hjá körlunum þar sem Keflavík hafði betur 98-88.

Í meistarakeppni kvenna mættust Íslands- og bikarmeistarar Keflavíkur Þór Ak. sem endaði í öðru sæti í bikarkeppninni þar sem Þór Ak. vann 86-82.

### **Bikarkeppni KKÍ 2025**

VÍS bikarvikan fer fram í Smáranum 18.-23. mars. Undanúrslit kvenna fara fram 18.mars og undanúrslit karla 19. mars.

Úrslitaleikir meistaraflokka fara fram laugardaginn 22. mars. Allir leikir í meistaraflokkum verða í beinnu útsendingu á RÚV/RÚV 2. Bikarleikir yngri flokka fara fram í sömu viku og verða þeir sýndir í beinu streymi.

## **Íslandsmót meistaraflokka**

### **Úrvalsdeild karla**

Úrvalsdeild karla fékk ber nafn Bónus deildar í fyrsta skipti og er deildin skipuð 12 liðum og eru KR og ÍR nýliðar í deildinni. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið falla úr deildinni.

### **Úrvalsdeild kvenna**

Úrvalsdeild kvenna ber einnig nafn Bónus deildar í fyrsta skipti og er deildin skipuð 10 liðum. Aþena, Hamar/Þór og Tindastóll eru nýliðar í deildinni þar sem Fjölur óskaði eftir að taka sæti í 1.deild kvenna á þessu tímabili. Tindastól var því boðið sæti Fjölnis þar sem liðið tapaði gegn Aþenu í úrslitakeppni 1. deildar kvenna tímabilið á undan. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

### **1. deild karla**

1. deild karla er skipuð 12 liðum. KV kom upp úr 2. deild ásamt KFG eftir að Þróttur V. dróg lið sitt úr keppni í lok síðasta tímabils.

Röðin var eftirfarandi um sæti í 1. deild en Hrunamenn nú Uppsveitir og Vestri afþökkuðu boðið.

Hrunamenn > féllu úr 1. deild

Vestri > töpuðu í úrslitum 2. deildar

KFG > 2. sæti 2. deildar, töpuðu í undanúrslitum

Breiðablik og Hamar komu niður úr úrvalsdeild. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

### 1. deild kvenna

1. deild kvenna var skipuð 8 liðum þegar deildarkeppni hófst en í desember skráðu lið Snæfells sig úr keppni í deildinni. Snæfell og Fjölnir komu niður úr úrvalsdeild kvenna. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari né hvaða lið fellur úr deildinni.

### 2. deild karla

2. deild karla er skipuð 12 liðum. Lið Hrunamanna nú Uppsveitur kom niður úr 1. deild. Afturelding kemur nýtt inn í deildina. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari.

### 3. deild karla

Í þriðju deild karla skráðu 7 lið sig til leiks. Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða lið verður deildarmeistari.

### Íslandsmót yngri flokka

Íslandsmót yngri flokka hófst 1. september. Deildarkeppni stendur til 29. apríl og fjölíðamót til 25. maí. Úrslitaleikir í deildarkeppni yngri flokka fara fram 5.-26.maí.

### Fundir

Mótanefnd stóð fyrir dagatalsfundi þann 27.maí í maí 2022 fyrir keppnistímabilið 2024-2025. Röðunarfund var haldinn þann 4. júní, til að fara yfir skráningu í deildarkeppni yngri flokka og staðfesta styrkleikaröðun. Sömuleiðis stóðu starfsmenn mótanefndar fyrir fjar-örfundum í hádeginu fyrsta þriðjudag hvers mánaðar þar sem farið er yfir þau verkefni sem framundan eru.

## Skýrsla dómarnefndar KKÍ 2023-2025

Árið 2023 skipaði stjórn KKÍ eftirtalda einstaklinga í dómarnefnd KKÍ: Jón Bender formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Aðalsteinn Hrafnkelsson. Rögnvaldur hætti í nefndinni haustið 2023, Guðmundur Ragnar Björnsson tók við af honum vorið 2024.

### Endurmenntun dómara

Dómarnefnd hélt í samvinnu við dómaraleiðbeinanda, Kristinn Óskarsson, fjölda endurmenntunarfunda árin 2023–2025. Fundirnir voru ýmist staðfundir eða netfundir. Haust- og miðvetrarfundir nefndarinnar voru með hefðbundnu sniði. Dómarar þreyttu þrekpróf sem dómarnefnd hélt utan um og stunduðu endurmenntun sína á [www.basketref.com](http://www.basketref.com). Á vefnum taka dómarar að jafnaði þrjú próf í mánuði og taka þátt í ýmsum öðrum verkefnum.

### Niðurröðun leikja

Nefndin raðaði á alla leiki í meistaraflokkum karla og kvenna, unglingsflokkum karla, 12. flokki kvenna og karla og 1. deild í 11. flokki karla og kvenna. Þá raðaði nefndin á leiki annarra flokka að beiðni liða. Nokkur félög á landsbyggðinni fengu undanþágu frá niðurröðun vegna mikils ferðakostnaðar. Dómarnefnd setti í þessum tilfellum kröfu um að dómarar þeirra leikja sem

félögin röðuðu sjálf á hefðu lokið grunnnámskeiði. Þá raðaði nefndin á alla bikarleiki, úrslitaleiki og úrslitamót yngri flokka. Samtals raðaði dómarnefnd 74 dómurum á 1.515 leiki og voru störf þeirra alls 3.378 tímabilinu 2023–2024. Það sem af er árinu (fram að 10. febrúar 2025) hefur dómarnefnd raðað 69 dómurum á 870 leiki eða 1.961 starf. Til viðbótar má nefna að töluvert er um að breyta þurfi niðurröðunum vegna ýmissa óvæntra atburða sem eykur enn á umfang vinnu nefndarinnar. Þá raðaði dómarnefnd dómurum jafnframt á bikarúrslit yngri flokka. Í bikarúrslitum sinntu þrír dómarar hverjum leik. Í úrslitakeppni efstu deilda yngri flokka karla og kvenna raðaði nefndin einnig þremur dómurum á leik. Í öðrum tilfellum voru þeir tveir.



Langtímamarkmið dómarnefndar er að fjölga dómurum með réttindi sem dæma á vegum KKÍ og að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af réttindadómurum. Lauslega áætlað má reikna með því að það þurfi rúmlega 100 dómara á dag þegar leikjafjöldinn er sem mestur.

### Menntun dómara

Mörg grunddómarnámskeið hafa verið haldin í samvinnu við félögin. Nokkur hundruð manns hafa klárað þessi námskeið sem vonandi skilar sér í fjölgun virkra dómara á næstu árum. Þá skilar aukin fræðsla til iðkenda og annara sem koma að leiknum í betri þekkingu á leiknum og vonandi meiri skilning á verkefnum dómara. Grunnnámskeið eru liðunum að kostnaðarlausu. Við hvetjum liðin til að óska eftir þessum námskeiðum með því að senda beiðni á skrifstofu KKÍ og við mætum í hérað. Einnig hafa annars stigs dómarnámskeið verið skipulögð af dómarnefnd. Árið 2023–2024 voru þau fimm en eru orðin tvö árið 2024–2025. Námskeiðin fara ýmist fram á íslensku eða ensku enda hefur veruleg fjölgun orðið á dómurum af erlendum uppruna sem að styrkja hópinn.

### Norðurlandamót unglinga

Á Norðurlandamót unglíngalandsliða fóru árið 2023 9 dómarar og árið 2024 10 dómarar fyrir hönd Íslands, sjá töflu 7. Þessi mót eru mikilvægur partur af endurmenntun dómara því þar fá þeir leiðsögn og endurgjöf á störf sín frá dómaraleiðbeinendum annarra Norðurlanda.


### FIBA leyfi

